

Gallon ehf.
Borgartún 26
105 Reykjavík

Akureyri, 23.7.2024
UST202401-330/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 26.06.2024 - Gallon ehf., Reyðarfirði ID139

Þann 26. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Gallon ehf., Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö frávík frá kröfum starfsleyfis komu fram við síðasta eftirlit árið 2023 er varða mælingar á olíu í fráveituvatni og þjálfun stöðvarstjóra. **Brugðist hefur verið við þeim frávikum með fullnægjandi hætti og þeim lokað.** Tvær ábendingar voru settar fram er varða að bæta þurfi skipulag í rekstrarhandbók og uppfæra lagnateikningar í stöðvarhúsi. **Úrbótum vegna þessara atriða er ekki lokið en verið er að vinna að uppfærslu á rekstrarhandbók og lagnateikningum.**

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.11 í starfsleyfi. Uppfæra þarf lagnateikningar í stöðvarhúsi m.t.t. nafnabreytinga og breytinga á lögnum. Merkja skal geyma og lagnir skv. viðauka I í rg. 884/2017.
2. Gr. 2.8 og gr. 3.3 í starfsleyfi. Bæta þarf skipulag í rekstrarhandbók skv. gr. 3.3 í starfsleyfi og fjarlægja úrelt öryggisblöð úr öryggismöppu svo gildandi blöð séu aðgengilegri.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. ágúst 2024.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Kristín Kröyer
sérfræðingur